

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjóri og sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. mars 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Gilsbakka/Öldubakka/Dalsbakka í Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps breytt deiliskipulag við Gilsbakka/Öldubakka/Dalsbakka á fundi sínum 14. febrúar 2002.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreitum. Raðhúsaloðir við Öldubakka breytast í parhúsaloðir. Við Gilsbakka 8, 10 og 23 má byggja parhús eða einbýlishús. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 9. september 1999.

Hvolsvelli, 25. mars 2002.

F.h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,

Hrafn Jóhannsson byggingarfulltrúi.